

Bréf Lindu Pétursdóttur og Eyjólfss Tómassonar dags. 11. ágúst 2021 vegna umferðaröryggismála við Hólagarð og Lóuhóla.

Góðan dag, þessi póstur er sendur til Domino's á Íslandi og varðar útibúið í Lóuhólum.

Ég og maðurinn minn höfum miklar áhyggjur af slyshættu við framleiðsluna ykkar að baka til þar sem að ung börn okkar labba og hjóla þarna framhjá á hverjum degi og bílaumferð stórra ökutækja þvera göngustíginn. Maðurinn minn hefur rætt við starfsmann í framleiðslunni og framkvæmdastjórnann. Við fluttum í hólahverfið fyrir stuttu og höfum rætt við nokkra foreldra sem allir tala um sömu áhyggjur. Sumir foreldrar hafa tjáð okkur að þeir hafi oft og mörgum sinnum rætt við ykkur í gegnum tíðina. Við erum því áhyggjufull yfir því að þið áttið ykkur ekki á hversu alvarleg og mikil slyshættan er í raun og veru. Við viljum a.m.k. trúa því fremur en að þið hafið vitað af þessu í langan tíma og ekki gert neitt í þessu.

Við setjum okkur ekki upp á móti atvinnurekstri að þessu tagi í hverfinu og það hefur ekki farið framhjá okkur þau góðu áhrif sem m.a. Dominos hefur haft á mannlíf og verslun í Hólagörðum. Okkur finnst öryggisatriði að utanverðu vera ábótavant og lykilatriði að þau séu í lagi ef svona rekstur á að vera til staðar í miðju íbúahverfi.



Hér fylgir mynd svo að þið áttið ykkur á því sem við sjáum:

- **Rauða línan** er aðalgönguleiðin frá stórum hluta hólanna í átt að þjónustu innan hverfis. Meðal annars labba mörg leikskólabörn og grunnskólabörn þessa leið til þess að fara í skólann.
- **Bleika línan** er gömul strætó leið sem Dominos nýtir að einhverju leiti fyrir vörubíla til að fara á bakvið dominos.
- **Bláa línan** er frá bílastæði að bakatil í Hólagarði inn á plan Domino's þar sem vörubílar fara um.

- **Guli punkturinn** sýnir þar sem starfsmenn fara inn í lager Dominos og er blindhorn fyrir alla bíla sem þurfa að fara út og í gegnum bílastæðin að bakatil hjá Hólagarði.

Vandamálið er margþætt. **Í fyrsta lagi** skarast á gönguleiðin (rauða leiðin) og mest notaða bílaleiðin til að fara á bakvið Dominos (bláa leiðin). Þetta skapar að okkar mati augljósa hættu fyrir gangandi, sérstaklega börn þar sem að útsýni bílstjóra úr stórum vinnubílum er mjög lélegt þegar kemur að hlutum sem eru nálægt og þá sérstaklega litlum hlutum (eins og börn).

Í öðru lagi er engin merking um að það sé gangandi umferð á þessu svæði, það er ekkert stoppskilti, ekkert biðstöðvarmerki eða annað sem gefur til kynna að bílar sem fara bláu leiðina þurfa að hægja á sér.

Í þriðja lagi er alveg opið frá bláu línunni að bleiku línunni allan sólarhringinn og því eru margir bílar, m.a. Domino's sendlar sem stytta sér leið og fara hratt þar í gegn. Neðst hjá gömlu strætó leiðinni (bleiku leiðinni) er skilti sem segir að umferð sé bönnuð. Þetta skilti vantar alfarið að ofanverðu.

Í fjórða lagi er umgengni ábótavant á þessu svæði og m.a. starfsmenn Dominos sem leggja upp á köntum og keyra á grasblettum á þessari leið.

Við myndum vilja úrbætur á þessu svæði. Helst myndum við vilja að það yrði lokað fyrir bílaumferð að ofanverðu (bláu leiðina) og að þá myndu allir bílar sem þjónusta Dominos koma að neðan verðu (bleika línun). Þetta væri leiðin sem væri ákjósanlegust og myndi alfarið loka á þessa slyshættu. Bleika leiðin þverar engan göngustíg að frátaldri gangbrautina neðst sem er vel merkt og sýnilegri öllum.

Ef með engu móti er hægt að verða við þessu krefjumst við þess að hlið verði sett á hjá bláu leiðinni þannig að önnur umferð en Dominos umferð komist ekki þessa leið og bílar sem eiga erindi að vörumóttöku þurfa þá að stoppa og opna hliðið áður en göngustígurinn er þveraður. Ef þessi leið er farin yrði auðvitað líka annaðhvort að loka á bleiku leiðina eða setja einnig einnig hlið þar. Þetta myndi minnka hættuna og um leið loka á óþarfa umferð og aðra umferð sem stytta sér leið þarna í gegn.

Einnig vantar spegil svo vörubílstjórar sjái fyrir þetta blinda horn þegar keyrt er bláu leiðina yfir göngustíginn, og viljum við að svoleiðis spegli sé komið fyrir sem fyrst áður en hægt er að fara í frekari úrbætur.

Það sem meðal annars ýtir okkur í að senda þennan póst er nærslys sem ég varð vitni að í maí s.l. þar sem lítil stúlka á sparkhjól er að fara göngustíginn (rauðu leiðina) og ökumaður fólksbifreiðar er að keyra í gegnum bílplanið ykkar eða frá bleiku leiðinni og út bláu leiðina, hann sér ekki stúlkuna út af blindhorninu og þarf að nauðhempla. Ég talaði við föður stúlkunnar og veit það fyrir vissu að hann fór beint inn á skrifstofu til ykkar og tjáði einhverjum á skrifstofunum ykkar þetta. Við áttum okkur á því að þetta er mögulega dýr framkvæmd og ekki alfarið í höndum Dominos en engu að síður er þetta vandamál sem mikilvægt er að bregðast við svo ekki verði til slys sem ekki er hægt að afturkalla. Þetta erindi munum við einnig senda til Reykjavíkurborgar þar sem okkur þykir líklegt að eitthvað af þessum svæðum séu þeirra svæði. Með máli okkar til stuðnings látum við fylgja með nokkrar myndir sem eru neðst í skjalinu. Einnig er í viðhengi að finna myndband sem sýnir afhverju okkar áhyggjur eru til staðar.

Með von um að þessi tölvupóstur berist í hendur aðila sem taki þessu máli alvarlega og grípi til aðgerða.

Kveðja, áhyggjufullir íbúar í Kríuhólum

Linda Björk Pétursdóttir og Eyjólfur Tómasson

Á þessari síðu sést gönguleiðin og hvernig bílaumferð þverar gönguleiðina. Einnig er hér dæmi um hvernig bílar, oft starfsmenn Dominos leggja á gönguleiðinni.





Á þessari síðu sést hvernig umgengni er ábótavant í kringum Domino's

